

Hafnarfjörður 25. mars 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Eins og fram hefur komið þá taka hertar sóttvarnarreglur gildi á miðnætti. Skólahúsnæðið verður lokað en **fjarkennsla hefst í fyrramálið, samkvæmt stundatöflu og einnig á föstudag, 26. mars, eða samkvæmt nánari fyrirmælum kennara**. Þá tekur við kærkomið páskafrí. Frekari upplýsingar um skólahald eftir páska, eða frá og með miðvikudeginum 7. apríl, koma síðar og ég bið ykkur til að fylgjast vel með tölvupóstum og samfélagsmiðlum skólans.

Sýningar leikfélagsins falla því miður niður, að minnsta kosti um sinn. Allar nánari upplýsingar um endurgreiðslu miða eða nýja sýningardaga verða birta á síðum leikfélagsins NFF og á samfélagsmiðlum skólans.

Farið öll varlega og gangi ykkur vel í fjarnáminu.

Bestu kveðjur,

Erla skólameistari

---

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla